

**3439. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 20. nóvember 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fundurinn fer fram í fjarfundi og staðfesta fundarmenn fundargerð með rafrænum hætti í lok fundar.

**Fyrir tekið:**

**1. 2001240 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020**

43. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

81. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum.

276. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.).

187. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega.

275. mál til umsagnar (uppfært)- frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða og íbúðarhúsnæðis).

240. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

265. mál til umsagnar - frumvarp til laga um fiskeldi (vannýttur lífmassi í fiskeldi).

*Lagt fram.*

**2. 2009128 - Reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.**

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti á 135. fundi sínum þann 16. september 2020 fyrirleggjandi drög að reglum Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrk fyrir börn á tekjulágum heimilum og vinnulag vegna úthlutunar.

Ráðið tók málið einnig fyrir á 140. fundi sínum þann 18. nóvember 2020 og samþykkti tillögu að breytingum sem sneru að umsóknarferlinu.

Reglurnar eru byggðar á samþykkt ríkisstjórnarinnar sem í fjárukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins. Samþykkt var 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir.

Reglur Akraneskaupstaðar eru í samræmi við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins um úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum.

*Bæjarráð samþykkir reglurnar og vísar til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn Akraness.*

**3. 2010228 - Höfði - fjárhagsáætlun 2021-2024**

Fjárhagsáætlun Höfða 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022 - 2024.

*Lagt fram.*

*Gert er ráð fyrir endurskoðaðri áætlun frá stjórn Höfða fyrir fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness.*

*Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar verður á fundi bæjarráðs þann 26. nóvember nk. kl. 08:15.*

**4. 2010230 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2021-2024**

Áframhaldandi vinna við gerð fjárfestingar- og framkvæmdaáætlunar.

*Lagt fram.*

*Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar verður á fundi bæjarráðs þann 26. nóvember nk. kl. 08:15.*

**5. 2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024**

Áframhaldandi vinna við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2021 og þriggja ára áætlunar vegna tímabilsins 2022-2024.

ELA og VLJ víkja af fundi undir umræðum er varða tillögur um aðhaldsaðgerðir hjá Brekkubæjarskóla og Grundaskóla.

RBS tekir sæti í stað ELU og KHS í stað VLJ.

Kristjana Helga Ólafsdóttir verkefnastjóri kemur inn á fundinn undir þessum lið vegna funda sem fjármálasviðið átti með tilteknum forstöðumönnum á skóla- og frístundasviði sem fóru fram fyrir í dag.

*Lagt fram.*

*Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar verður á fundi bæjarráðs þann 26. nóvember nk. kl. 08:15.*

**6. 2011210 - Birting fundargagna**

Birting fundargagna hjá fagraðum og nefndum hjá Akraneskaupstað.

*Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í bæjarráði Akraneskaupstaðar leggur til að tekið verði upp skýrari verklag við birtingu gagna í fundargerðum ráða og nefnda á vegum Akraneskaupstaðar með það að markmiði að gera stjórnsýsluna gagnsæjari. Lagt er til að öll gögn er fylgja málum í fundargátt nefndarmanna verði birt með fundargerðum nema þegar um ræðir trúnaðarupplýsingar.*

*Bæjarráðs samþykkir tillöguna og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

## **7. 2010130 - Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga - frestir**

Frestir vegna fjárhagsáætlunargerðar sveitarfélaga árið 2022 vegna ársins 2021 og þriggja ára áætlunar vegna tímabilins 2022 - 2024.

*Bæjarráð samþykkir breytingu á tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar 2021 og þriggja ára áætlunar þannig að fyrri umræða áætlunarinnar fari fram í bæjarstjórn Akraness á aukafundi þann 1. desember og síðari umræða áætlunarinnar fari fram í bæjarstjórn Akraness á aukafundi þann 15. desember nk.*

*Ákvörðunin er í samræmi við erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 15. október sl. þar sem heimild er veitt til að leggja fram tillögu að fjárhagsáætlun eigi síðar en 1. desember í stað 1. nóvember komi og að síðari umræða fari fram eigi síðar en 31. desember.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**